

Þriðjudaginn 6. júní 1972.

Nr. 54/1972. **Hreinn Hauksson**  
 gegn  
**John Lindsay.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl 1972, sem Hæstarétti barst 3. maí 1972. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 29. marz 1972, sem sóknaraðili fékk vitneskju um 14. apríl 1972, verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Samkvæmt gögnum málsins hefur varnaraðili átt lögheimili erlendis frá 11. október 1969. Stefna í máli þessu var ekki birt fyrir varnaraðilja sjálfum, og ekki verður af vottorði stefnuvotta um birtinguna með vissu ráðið, að varnaraðili hafi þá dvalizt hér á landi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

### Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrst 10. febrúar s.l., en endurupptekið 24. febrúar s.l. og frestað og dómtekið á ný 23. marz s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. janúar s.l., af Hreini Haukssyni, Bræðratungu 11, Kópavogi, gegn John Lindsay, Háagerði 71, Reykjavík, til þess að fá hann aðallega til að þola riftun á kaupum á Haflinger bifreið, árgerð 1967, sem stefnandi hafði keypt af stefnda í nóvember 1968, og til að endurgreiða kaupverð bifreiðarinnar, kr. 100.000.00, enn fremur til

greiðslu á beinum útgjöldum sínum vegna kaupa þessara, kr. 92.336.00, og vexti 7% á ári af kr. 100.000.00 frá 24. febrúar 1969 til 7. október s. á., af kr. 122.671.00 frá þeim degi til 30. marz 1971 og af kr. 192.336.00 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafizt greiðslu á kr. 145.066.00 auk 7% ársvaxta frá stefnu-degi til greiðsludags. Í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar samkvæmt mati hins virðulega réttar.

Í stefnu segir: „Málavextir eru þeir, að stefndi seldi stefnanda bíl, sem er af Haflinger gerð, árgerð 1967. Átti bifreiðin að vera í fullkomnu lagi, enda hafði bifreiðinni verið ekið innan við 20 þús. km. Skömmu eftir að stefnandi keypti bifreiðina, kom fram bilun í gírkassa, og var bílnum komið á verkstæði Sveins Egilssonar h/f til viðgerðar. Eftir þetta kom fram bilun á vél bílsins, og var hann aftur settur í viðgerð hjá Sveini Egilssyni h/f, og var sú viðgerð framkvæmd í desember 1968. Eftir þetta var bifreiðinni lítið ekið, en fljótlega eftir áramótin var henni komið í sölu hjá Sveini Egilssyni h/f, og 24. febrúar 1969 seldi stefnandi Sigurði Sigurðssyni, Borgarholtsbraut 43, Kópavogi, bifreiðina. Eftir að Sigurður hafði ekið bifreiðinni í fjóra daga, ca. 80 km, brotnaði gírkassinn. Sigurður lét dómkveðja matsmenn til að skoða bifreiðina og höfðaði síðan mál fyrir bæjarþingi Kópavogs gegn stefnanda máls þessa. Var stefnda John Lindsay gert kunnugt um málshöfðunina. Dómur var kveðinn upp í bæjarþingi Kópavogs 11. janúar 1971, og hljóðaði dómsorðið þannig: „Krafa stefnanda, Sigurðar Sigurðssonar, um riftun nefndra bílkaupa er tekin til greina. Stefndi, Hreinn Hauksson, greiði stefnanda kr. 122.671.90 með 7% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 24. febrúar 1969 til 7. október s. á. og af kr. 122.671.90 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 38.745.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu varahluta í nefnda bifreið, sem að framan greinir. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðfór að lögum“.

Í forsendum dómsins er m. a. rakið vottorð Stefáns Jónssonar sundlaugarvarðar, Reykjavík, sem seldi John Lindsay bifreiðina, en í því vottorði kemur fram, að er sú sala fór fram, var synkronisering ekki í lagi, og var John Lindsay kunnugt um það. Þá er það álit dómkvöddu matsmannanna, að þessi bilun sé verksmiðju-galli. Þannig var stefnda, John Lindsay, kunnugt um þennan galla, þegar hann seldi stefnanda.

Stefnukröfur í máli þessu eru ítarlega sundurliðaðar í stefnu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta fór birting stefnunnar fram „fyrir Agnari Stefánssyni á heimili þeirra (eða dvalarstað stefnda) Háagerði 71 hér í borg, og afhentum honum endurrit af stefnu, sem hann lofaði að afhenda stefnda, er býr í sama húsi, en var fjarverandi“.

Samkvæmt vottorði Hagstofunnar á dskj. nr. 16 er stefndi skráður í Englandi 1. desember 1971 og er talinn þar með lögheimili frá 11. október 1969. Þannig er eigi sýnt, með hvaða heimild stefnda er stefnt til að koma fyrir bæjarþing Reykjavíkur, og verður því að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 11/1972. **Gjaldheimtan í Reykjavík**

(Ólafur Ragnarsson hdl.)

gegn

**Benedikt Sigurðssyni**

(Tómas Gunnarsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Skattamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. janúar 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma